



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Aðalbjörg Traustadóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn um sundurliðun tilvísana til skólaþjónustu

Þann 14. september 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um sundurliðun tilvísana til skólaþjónustu:

Á haustdögum 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um sundurliðun á málum (tilvísunum frá skóla/foreldra til skólaþjónustu) sem vísað hefur verið til skólaþjónustu. Þá biðu um 1.600 börn á biðlista eftir fagfólki skólanna. Nú bíða 2012 börn á þessum sama lista. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á þessum málum (tilvísunum) með eftirfarandi hætti: 1. Þyngri mál 2. mál sem skólinn getur greint og leyst og 3. tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf og stuðningi. Óskað er upplýsinga um hversu lengi börnin hafa beðið og hvað biðu þau börn lengi sem nú hafa fengið einhverja þjónustu. Óskað er upplýsinga um forgangslistann, hvernig raðast 2012 börn á hann, hvað eru mörg mál í forgangi og hvernig flokkast málin á forgangslistann.

Svar:

Spurning 1 um sundurliðun á þyngd mála og spurning 3 um sundurliðun tilvísana (erinda) þar sem óskað er eftir ráðgjöf og stuðningi:

Erindi sem berast til skólaþjónustunnar eru þrenns konar; bráðamál, viðtalsbeiðnir og tilvísanir. Öllum erindum er forgangsraðað frá forgangi eitt til fjögur, háð alvarleika eins og kemur fram hér að neðan. Bráðamál eru tekin strax til meðferðar, metin sem forgangur eitt. Viðtalsbeiðnum er svarað innan viku og þær eru skráðar sem forgangur tvö. Tilvísunum er einnig forgangsraðað eftir alvarleika. Eftirfarandi forgangsröðun erinda er notuð:


Forgangur 1: Erindi sem þola ekki bið s.s. áföll, sjálfsvígshætta, hegðun og líðan nemenda.

Forgangur 2: Þau erindi sem benda til alvarlegra þroskafrávika t.d. hjá ungum börnum eða grunnskólabörnum í kjölfar forathugunar hjá sérfræðingum skólaþjónustunnar.

Forgangur 3: Erindi er varða vægar þroskaraskanir eins og hegðunar-, náms eða tilfinningaerfiðleika.

Forgangur 4: Vægir erfiðleikar barna sem mætt er með annarskonar þjónustu en greiningarferli.


Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu erinda til skólaþjónustu eftir forgangsflokkum á tímabilinu janúar 2019 – september 2022 .




Mynd 1: Hlutfallsleg skipting allra erinda um skólaþjónustu eftir forgangsflokkum árin 2019-2021 og jan-sept. 2022.

Helstu breytingar eru að aukning er á þeim erindum sem flokkast í forgangsflokk tvö. Skýring á því er að í auknum mæli hefur verið lögð áhersla á að skólar og foreldrar nýti viðtalsbeiðnir sem flokkaðar eru í forgang tvö.

Í spurningu 3 er spurt um sundurliðun tilvísana og erinda þar sem óskað er eftir stuðningi og ráðgjöf. Á myndum 2-4 er að finna frekari greiningu á viðtalsbeiðnum, tilvísunum, og bráðamálum eftir forgangsflokkum. Mynd 2 sýnir hversu hlutfall viðtalsbeiðna hefur aukist á milli ára í forgangsflokki 2 og er lítið á það sem jákvæða þróun þar sem aðgengi að sérfræðingum hefur aukist.




Mynd 2: Viðtalsbeiðnir: Hlutfallsleg skipting eftir forgangsflokkum árin 2019-2021 og jan-sept. 2022.



Mynd3: Tilvísanir: Hlutfallsleg skipting eftir forgangsflokkum árin 2019-2021 og jan-sept. 2022.

Lítill munur er á hlutfallslegri skiptingu tilvísana eftir forgangsflokkum á milli ára.



Mynd 4: Bráðamál: Hlutfallsleg skipting eftir forgangsflokkum árin 2019-2021 og jan-sept. 2022.

Hlutfallslega hefur málum í forgangsflokki eitt fjölgað á milli ára.

2. Sundurliðun á málum sem skólinn getur greint og leyst:

Sundurliðun mála á grundvelli spurningarinnar er ekki hægt að kalla fram úr málaskrá velferðarsviðs. Almennt er það svo að skólar reyna og eiga að hafa leitað lausna innan skólans áður en erindi um frekari stuðning fyrir barn er sent til miðstöðva. Mál eru t.d. tekin fyrir á nemendaverndarráðsfundum sem fulltrúar skólabjónustunnar sitja áður en erindi er sent. Í dag eru að verða starfandi svokölluð lausnarteymi innan allra leik- og grunnskóla í Reykjavík en þau teymi hafa það hlutverk að styðja starfsfólk skóla og frístundar á vettvangi. Lausnarteymi eru til þess fallin að leita lausna innan veggja skólans áður en til umfjöllunar nemendaverndarráða kemur. Það á að tryggja enn frekar að málum sé ekki vísað til miðstöðva fyrir en bjargir skólans eru fullreyndar. Það verður því að ganga út frá því að þau erindi sem berast miðstöðvum séu þau sem skólinn getur ekki leyst án aðstoðar.




Eins og fyrr segir liggja ekki fyrir tölfræðiupplýsingar yfir þau mál sem leyst eru innan skólanna en vonir standa til að betri yfirsýn geti orðið með breyttu verklagi innan leik- og grunnskóla vegna innleiðingar *Betri borgar fyrir börn* og á grundvelli laga nr. 38/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Eins er verið að vinna að nýju skráningarkerfi utan um mál sem unnin eru á vettvangi barnsins í leik- og grunnskóla sem og skólaþjónustunnar.

Í lykiltölfræði velferðarsviðs eru teknar saman upplýsingar um tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál vegna leik- og grunnskólabarna. Segja má að í viðtalsbeiðnum felist erindi um ráðgjöf og stuðning við annaðhvort starfsfólk skóla, börn eða foreldra.

4. Upplýsingar um biðtíma í málum sem er lokið eða þjónusta er hafin.

Mynd 5 sýnir að meðalbiðtími (dagar) hefur verið að lengjast frá árinu 2019. Hér er um að ræða mál þar sem þjónusta var lokið eða þjónusta var a.m.k. hafin að einverju leyti þó bið kunni að vera eftir frekari þjónustu.




Mynd 5: Meðaltími biðtíma í þeim málum sem var lokið eða þjónusta hafin árin 2019-2021 og jan.-sept. árið 2022.

Rekja má aukinn biðtíma m.a. til aukningar erinda sem berast skólaþjónustu milli ára. Aukning erinda á milli áruna 2020 og 2021 var rúmlega 30%.

5. Upplýsingar um niðurröðun, flokkun og fjölda mála á forgangslista

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu á biðlista eftir fyrstu þjónustu eftir tegund og forgangsflokkum. Um er að ræða þau 1.126 mál þar sem þjónusta er ekki hafin og því eru þau 886 mál þar sem þjónusta er nú þegar hafin ekki tekin með þar sem mál fara út af forgangslista þegar þjónusta er hafin.



Mynd 6. Hlutfallsleg skipting biðlista 1. október 2022 eftir meginástæðu umsóknar og forgangsflokkum.